
„Tökum höndum saman“

Íbúæping í Stykkishólmi

Greinargerð um niðurstöður

Desember 2003



**Tökum
höndum
SAMAN!**

alta 
www.alta.is



Íbúáping í Stykkishómi
„Tökum höndum saman“

Haldið í Félagsheimilinu,
Stykkishólmi
1. nóvember 2003

Unnið fyrir
Stykkishólmsbæ

Umsjón

Alta ehf.
Hlíðarsmára 8
201 Kópavogi
sími: 533 1670
Netfang: alta@alta.is

alta
www.alta.is

ÞAKKIR

Þeir Hólmarar, sem tóku þátt í þinginu „Tökum höndum saman“, sem og aðrir gestir, fá þakkir fyrir sitt framlag. Forsvarsmenn Grunnskólans og þeir kennarar og nemendur sem tóku þátt í þinginu fá þakkir fyrir framúrskarandi vinnu og ferskar hugmyndir. Nemendur í Tónlistarskóla Stykkishólms fá þakkir fyrir skemmtilegan tónlistarflutning og Búnaðarbankinn fyrir veitingar.

Starfsfólk frá Stykkishólmsbæ

Þakkir fá Elín Kristinsdóttir, Gunnar Gunnarsson, Helga Sveinsdóttir, Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, Sigurborg Sturludóttir og Steinunn Magnúsdóttir fyrir sinn þátt í framkvæmd þingsins.

Starfsfólk frá Alta á íbúðþinginu og við úrvinnslu

Hildur Kristjánsdóttir, Samúel Torfi Pétursson, Sigurborg Kr. Hannesdóttir, Sædís Íva Elíasdóttir og Þráinn Valur Hreggviðsson.

Stýrihópur verkefnisins

Dagný Þórisdóttir, formaður stýrihóps, Björn Sverrisson, Helga Guðmundsdóttir, Magnús I. Bæringsson og María Valdimarsdóttir, ásamt Óla Jóni Gunnarssyni bæjarstjóra. Einnig störfuðu Íris Huld Sigurbjörnsdóttir og Steinunn I. Magnúsdóttir með stýrihópnum.



Allar tilvitnanir eru frá þátttakendum á þinginu, nema annars sé getið.

| | |
|--|-----------|
| ÁGRIP | 1 |
| 1. INNGANGUR | 3 |
| 2. ÍBÚAÞING, AÐFERÐ, UNDIRBÚNINGUR OG FRAMKVÆMD | 5 |
| 2.1. Skipulagning íbúðingsins..... | 5 |
| 2.2. Íbúðingið..... | 6 |
| 2.3. Úrvinnsla og kynning niðurstaðna | 7 |
| 3. STYKKISHÓLMUR - FRÁ FORTÍÐ TIL FRAMTÍÐAR | 9 |
| 4. ÞRÓUN Í ATVINNUMÁLUM OG ÞJÓNUSTU | 11 |
| 5. LÍFSSTÍLL 21 | 13 |
| 5.1. Þróun í ferðaþjónustu..... | 13 |
| 6. BREYTING NORMA | 17 |
| 7. NIÐURSTÖÐUR UM EINSTÖK VIÐFANGSEFNI | 19 |
| 7.1. Sameining sveitarfélaga | 19 |
| 7.2. Opinber þjónusta | 20 |
| 7.3. Útivist | 21 |
| 7.4. Safnamál | 22 |
| 7.5. Frístundahús og hollvinasamtök..... | 23 |
| 8. VINNA NEMENDA Í GRUNNSKÓLANUM | 25 |
| 9. ÁFRAM VEGINN | 27 |
| 9.1. Vegvísir | 27 |
| 9.2. Fundur um eftirfylgni | 28 |
| 9.3. Hólmarrar taka höndum saman | 29 |
| 10. VIÐAUKAR – NIÐURSTÖÐUR VINNUHÓPA | 31 |
| 10.1. Umhverfi og útivist | 32 |
| 10.2. Fræðslumál og frístundir | 33 |
| 10.2. Fræðslumál og frístundir | 33 |
| 10.3. Atvinnulíf og þjónusta | 34 |
| 10.4. Gott og samheldið samfélag..... | 35 |
| 10.5. SVÓT - Stykkishólmur í sameinuðu sveitarfélagi..... | 36 |
| 10.6. SVÓT – Stykkishólmur sem heilsubær | 37 |
| 10.7. SVÓT - Stykkishólmur sem umhverfisvænn bær | 38 |
| 10.8. SVÓT - Stykkishólmur sem ferðaþjónustubær..... | 39 |
| 10.9. Næstu skref..... | 40 |
| HEIMILDASKRÁ | 41 |

ÁGRIP

Bæjastjórn Stykkishólmsbæjar efndi til íbúapings þann 1. nóvember 2003 undir yfiskriftinni „Tökum höndum saman“. Í gegnum tíðina hafa skipst á skin og skúrir í Stykkishólmi og hafa nýjar atvinnugreinar vaxið og dafnað eftir atvikum. Stykkishólmur stendur nú að vissu leyti á tímamótum enn og aftur, m.a. vegna stöðvunar skelveiða. Hólmara hafa hins vegar ákveðið að taka höndum saman og undirbúa sókn til að nýta þau tækifæri sem framtíðin ber í skauti sér.

Til þingsins mættu um 120 manns, en auk þess unnu allir nemendur Grunnskólans í Stykkishólmi verkefni sem tengdust viðfangsefni þingsins og var glæsilegur afrakstur vinnu þeirra til sýnis í Félagsheimilinu þar sem þingið var haldið og nokkrir nemendur kynntu niðurstöður. Þá unnu nemendur Framhaldsdeildar verkefni og unnið er með þemað „bærinn okkar“ í allan vetur á leikskólanum.

Stykkishólmur á sér ýmis sóknarfæri og ekki síst möguleika á að vera leiðandi í lífsstíl sem virðist vera að sækja mjög á í vestrænum löndum, þar sem bærinn hefur marga kosti sem umhverfisvænn og fjölskyldvænn bær.

Þátttakendur lögðu mikla áherslu á mikilvægi þess að allir leggist á eitt við eflingu atvinnulífs, þar sem stefnt verði að aukinni fjölbreytni og nýtingu sóknarfæra í ferðaþjónustu og annarri nýsköpun. Ferðaþjónusta er sá atvinnuvegur sem þátttakendur töldu bjóða upp á mesta möguleika, ekki síst á sviði heilsuferðaþjónustu. Þegar hefur verið hafin vinna að verkefni á því sviði, af hálfu Heilsueflingar Stykkishólms ehf. Af öðrum sóknarfærum var meðal annars nefnt virkjun sjávarfalla í Breiðafirði og aukin fullvinnsla í sjávarútvegi.

Á þinginu kom fram að íbúar telja mikil verðmæti felast í sögu og menningu bæjarins og var talsverð áhersla lögð á safnamál. Þá kom fram greinilegur metnaður bæjarbúa fyrir umhverfi og umgengni í bænum og vildu þeir sjá samstillt átak til úrbóta þar sem henni er ábótavant. Kallað var eftir göngustígum út fyrir bæinn og meðfram ströndinni og lögðu þátttakendur áherslu á að þær góðu útivistaraðstæður sem eru í Stykkishólmi og nágrenni verði bættar enn frekar.

Almenn ánægja kom fram um skólastarf en þátttakendur voru sammála um að brýn þörf sé á bættu leikskólahúsnæði og að stefna verði mótuð um að Grunnskólinn fari undir eitt þak og að þá þurfi einnig að taka mið af starfsemi Tónlistarskólans.

Fram kom áhugi á stofnun Hollvinasamtaka Stykkishólms, sem gæti höfðað til brottfluttra Hólmara, núverandi íbúa, eigenda frístundahúsa og annarra velunnara.

Á íbúapinginu kom fram að það veiki stöðu Stykkishólms að samstaða íbúa sé ekki næg. Með jákvæðni og bjartsýni geti íbúar, félagasamtök, fyrirtæki og bæjaryfirvöld lyft grettistaki, ef þessir aðilar einsetja sér að taka höndum saman og vinna markvisst að þeim verkefnum sem við blasa. Í janúar 2004 verða stigin fyrstu skrefin í því að fylgja niðurstöðum íbúapingsins eftir á skilgreindum samráðsvettvangi.



1. INNGANGUR

Í Stykkishólmi fléttast saman fjölmargir kostir þar sem fallett umhverfi, saga og gamall bæjarkjarni og gott samfélag, móta umgjörð sem hefur um langa hríð laðað að fólk til búsetu, sem og ferðafólk. Nýlega voru veiðar á skelfiski stöðvaðar sem hafa valdið ákveðnum breytingum í atvinnulífinu og standa Hólmarar því að ýmsu leyti á tímamótum, en skelveiðar hafa verið ein af megin stoðunum í atvinnulífi bæjarins til fjölda ára. Hólmarar hafa hins vegar ákveðið að snúa vörn í sókn og töldu nauðsynlegt að slík vinna yrði markviss og þar sem íbúar, félagasamtök, fyrirtæki og bæjaryfirvöld myndu taka höndum saman. Í þessu skyni var hafin vinna við eins árs verkefni þar sem allir þessir aðilar verða virkjaðir til góðra verka, undir yfirskriftinni „Hólmarar taka höndum saman“. Verkefnið hófst með Atvinnumálþingi sem haldið var í maí 2003 og í framhaldi af því var haldið íbúáþing. Verkefnið **„Hólmarar taka höndum saman“** stendur til vors 2004.

Ráðgjafarfyirtækið Alta hafði umsjón með íbúáþinginu fyrir Stykkishólmsbæ, en það hefur meðal annars sérhæft sig í ákveðinni aðferðafræði sem gefist hefur vel við samráð af þessu tagi.

Íbúáþingið bar yfirskriftina „*Tökum höndum saman*“ og var haldið í Félagsheimilinu laugardaginn 1. nóvember 2003. Niðurstöður voru kynntar þremur dögum síðar, þ.e. þriðjudagskvöldið 4. nóvember. Til þingsins mættu um 120 manns en einnig var unnið með nemendum í leikskólanum, Grunnskólanum og Framhaldsdeildinni fyrir þingið.



Hér fara á eftir helstu niðurstöður íbúáþingsins, en einnig er vísað á vefina www.stykkisholmur.is og www.ibuathing.is.



2. ÍBÚAÞING, AÐFERÐ, UNDIRBÚNINGUR OG FRAMKVÆMD

2.1. Skipulagning íbúapingsins

Þegar bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hafði ákveðið að halda íbúaping í samstarfi við Alta, tók Alta við umsjón með skipulagningu þess. Myndaður var stýrihópur sem í sátu Dagný Þórisdóttir, formaður stýrihópsins, Björn Sverrisson, Helga Guðmundsdóttir, Magnús I. Bæringsson og María Valdimarsdóttir ásamt Óla Jóni Gunnarssyni, bæjarstjóra. Einnig störfuðu Íris Huld Sigurbjörnsdóttir og Steinunn I. Magnúsdóttir með stýrihópnum. Af hálfu Alta, störfuðu Sigurborg Kr. Hannesdóttir verkefnisstjóri og Hildur Kristjánsdóttir ráðgjafi með stýrihópi.

Undirbúningur hófst í apríl og í maí voru haldnir sérstakir undirbúningsfundir, með bæjaryfirvöldum annars vegar og fulltrúum fyrirtækja og félagasamtaka hins vegar. Byggðust viðfangsefni íbúapingsins á þörfum bæjarins samkvæmt greiningu eftir þá fundi.



Frá undirbúningsfundum í maí 2003

Þingið var kynnt með margvíslegum hætti. Sendur var kynningarbæklingur með dagskrá í hvert hús í Stykkishólmi og dagskráin hengd upp víðsvegar um bæinn. Boðsbréf voru send til fyrirtækja, félagasamtaka og eigenda frístundahúsa og auglýsingar, greinar og viðtöl voru birt í Stykkishólms-Póstinum og Morgunblaðinu auk þess sem auglýsingar voru lesnar í útvarpi.

Fyrir þingið var unnið með nemendum í Grunnskólanum og mættu fulltrúar þeirra til þingsins og kynntu niðurstöður auk þess sem vinna þeirra var til sýnis á þingstað. Sú vinna sem fram fór í Grunnskólanum var til mikillar fyrirmyndar og afrakstur hennar í samræmi við það. Einnig fór fram vinna í Framhaldsdeildinni í tengslum við þingið og plaköt frá leikskólanum héngu uppi, en þar verður unnið með þemað „bærinn okkar“ til vors 2004.

2.2. Íbúapíngið

Íbúapíngið var haldið laugardaginn 1. nóvember í Félagsheiminu í Stykkishólmi og stóð frá klukkan 10.00 til 18.30. Þíngið hófst með tónlistaratriðum frá Tónlistarskóla Stykkishólms, undir stjórn Sigrúnar Jónsdóttur og í framhaldi af því setti bæjarstjóri, Óli Jón Gunnarsson, þíngið. Því næst tók Alta við umsjón þingsins.



„Hér verið að hlusta á hugmyndir fólks um framtíðina. Hvernig vilja Hólmarar sjá okkar fagra byggðalag þróast?“

Fyrri hluta þingsins störfuðu vinnuhópar sem fjölluðu annars vegar um „Umhverfi og útivist“ og hins vegar „Fræðslumál og frístundir“. Hóparnir kynntu niðurstöður sínar í hádeginu og nemendur kynntu þá vinnu sem farið hafði fram í Grunnskólanum fyrir þíngið, við mjög góðar undirtektir. Í framhaldi af því var hádegisverður í boði Búnaðarbankans.



Eftir hádegið störfuðu tveir vinnuhópar. Annar fjallaði um „Atvinnulíf og þjónustu“ og hinn um „Gott og samheldið samfélag“. Þegar vinnu þessara vinnuhópa var lokið tók við vinna í fjórum minni hópum þar sem greindir voru styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri Stykkishólms sem:

- Bær í sameinuðu sveitarfélagi.
- Heilsubær.
- Umhverfissvænn bær.
- Ferðaþjónustubær.

Á sama tíma var unnið í vinnuhópi þar sem fjallað var um næstu skref og forgangsröðun verkefna.

Þinginu var síðan slitið með lokahring þar sem hver og einn þátttakandi sagði örfá orð.



„Látum
verkin tala“

„Tökum höndum
saman“

Um 120 manns tóku þátt í þinginu, auk þess sem unnið var með nemendum Grunnskólans, leikskólans og Framhaldsdeildinni.

2.3. Úrvinnsla og kynning niðurstaðna

Úrvinnsla sérfræðinga Alta hófst strax að þingi loknu á laugardagskvöldinu og var henni haldið áfram fram að kynningu á þriðjudagskvöldi. Við þá vinnu voru greind helstu sameiginleg skilaboð úr vinnhópunum.

Niðurstöður frá íbúáþinginu voru síðan kynntar í máli og myndum á þriðjudagskvöldi þann 4. nóvember, í Félagsheimilinu. Á kynninguna mættu um 110 manns.

| Dagskrá | | | |
|---|---|---|--|
| KI 10.00 | <p>Setning; Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri</p> <p>Alta kynnis samráðsskipulag</p> <p><i>Skráning þátttakenda og kaffi á könnunni frá 09:45</i></p> <p><i>Tónlistaratriði frá Tónlistarskóla Stykkishólms</i></p> | | |
| KI 10.15 | <table border="1"> <tr> <td> <p>Umhverfi og útivist</p> <ul style="list-style-type: none"> - Samspil umhverfis og lífsgæða. - Göngu- og reiðstígar. - Náttúra og menningarminjar; verndun og aðgengi. - Ásýnd bæjarins og umgengni. - Úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum; sorp og fráveitur </td> <td> <p>Fræðslumál og frístundir</p> <ul style="list-style-type: none"> - Leikskóli, grunnskóli og tónlistarskóli; aðbúnaður og innra starf. - Möguleikar til framtíðar; framhalds- og háskólamenntun. - Æskulýðs- og íþróttamál; aðstaða og möguleikar. - Forvarnir. </td> </tr> </table> | <p>Umhverfi og útivist</p> <ul style="list-style-type: none"> - Samspil umhverfis og lífsgæða. - Göngu- og reiðstígar. - Náttúra og menningarminjar; verndun og aðgengi. - Ásýnd bæjarins og umgengni. - Úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum; sorp og fráveitur | <p>Fræðslumál og frístundir</p> <ul style="list-style-type: none"> - Leikskóli, grunnskóli og tónlistarskóli; aðbúnaður og innra starf. - Möguleikar til framtíðar; framhalds- og háskólamenntun. - Æskulýðs- og íþróttamál; aðstaða og möguleikar. - Forvarnir. |
| <p>Umhverfi og útivist</p> <ul style="list-style-type: none"> - Samspil umhverfis og lífsgæða. - Göngu- og reiðstígar. - Náttúra og menningarminjar; verndun og aðgengi. - Ásýnd bæjarins og umgengni. - Úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum; sorp og fráveitur | <p>Fræðslumál og frístundir</p> <ul style="list-style-type: none"> - Leikskóli, grunnskóli og tónlistarskóli; aðbúnaður og innra starf. - Möguleikar til framtíðar; framhalds- og háskólamenntun. - Æskulýðs- og íþróttamál; aðstaða og möguleikar. - Forvarnir. | | |
| KI 11.45 | <p>Þátttakendur kynna niðurstöður og nemendur Grunnskólans kynna sínar niðurstöður</p> | | |
| KI 12.30 | <p>Hádegishlé. Boðið upp á léttan hádegisverð</p> | | |
| KI 13.15 | <table border="1"> <tr> <td> <p>Atvinnulíf og þjónusta</p> <ul style="list-style-type: none"> - Sjávarútvegur á tímamótum. - Ferðaþjónusta; frekari uppbygging á góðum grunni. - Safnamál; sóknarfæri tengd sögunni. - Önnur sóknarfæri í atvinnumálum. - Að laða að atvinnufyrirtæki. - Verslun og þjónusta; fjölbreytni og framboð. </td> <td> <p>Gott og samheldið samfélag</p> <ul style="list-style-type: none"> - Fjölskylduvænt samfélag. - Eldri borgarar; húsnæði, aðstaða afþreying. - Þjónusta bæjarins; hvernig á að forgangsraða? - Menningarmál; hvernig má efla? - Er hægt að virkja eigendur frístundahúsa til þátttöku í samfélaginu? - Vilja Hólmarar taka höndum saman? </td> </tr> </table> | <p>Atvinnulíf og þjónusta</p> <ul style="list-style-type: none"> - Sjávarútvegur á tímamótum. - Ferðaþjónusta; frekari uppbygging á góðum grunni. - Safnamál; sóknarfæri tengd sögunni. - Önnur sóknarfæri í atvinnumálum. - Að laða að atvinnufyrirtæki. - Verslun og þjónusta; fjölbreytni og framboð. | <p>Gott og samheldið samfélag</p> <ul style="list-style-type: none"> - Fjölskylduvænt samfélag. - Eldri borgarar; húsnæði, aðstaða afþreying. - Þjónusta bæjarins; hvernig á að forgangsraða? - Menningarmál; hvernig má efla? - Er hægt að virkja eigendur frístundahúsa til þátttöku í samfélaginu? - Vilja Hólmarar taka höndum saman? |
| <p>Atvinnulíf og þjónusta</p> <ul style="list-style-type: none"> - Sjávarútvegur á tímamótum. - Ferðaþjónusta; frekari uppbygging á góðum grunni. - Safnamál; sóknarfæri tengd sögunni. - Önnur sóknarfæri í atvinnumálum. - Að laða að atvinnufyrirtæki. - Verslun og þjónusta; fjölbreytni og framboð. | <p>Gott og samheldið samfélag</p> <ul style="list-style-type: none"> - Fjölskylduvænt samfélag. - Eldri borgarar; húsnæði, aðstaða afþreying. - Þjónusta bæjarins; hvernig á að forgangsraða? - Menningarmál; hvernig má efla? - Er hægt að virkja eigendur frístundahúsa til þátttöku í samfélaginu? - Vilja Hólmarar taka höndum saman? | | |
| KI 14.30 | <p>Þátttakendur kynna niðurstöður hópa. Kaffi í boði.</p> | | |
| KI 15.00 | <p>Stykkishólmur – styrkur, veikleikar, ógnanir og tækifæri</p> <p>Allir þátttakendur í minni hópum</p> | | |
| KI 16.00 | <p>Þátttakendur kynna niðurstöður hópa.</p> | | |
| KI 16.30 | <p>Næstu skref - Forgangsröðun verkefna</p> <p>Allir þátttakendur</p> | | |
| KI 17.00 | <p>Þingslit</p> | | |


3. STYKKISHÓLMUR - FRÁ FORTÍÐ TIL FRAMTÍÐAR

Frá miðöldum fram til loka 18. aldar var Stykkishólmur helsti verslunarstaður við Breiðarfjörð. Segja má að Stykkishólmur hafi verið „hreinræktaður“ verslunarstaður sem varð til þess að fjölbreyttari atvinnustarfsemi kom í kjölfarið.



Teikning: Þóra Pétursdóttir. Saga Stykkishólms 1596-1845

Á þriðja og fjórða tug 19 aldar hófst þilskipaútgerð frá Stykkishólmi og var bærinn þá verslunarstaður með nokkra húsaþyrpingu í námunda við verslunarhúsin. Stykkishólmur varð líflegt verslunar- og útgerðarþorp.




Gestir í Stykkishólmi fyrir 1911.
Ljósmyndasafn Stykkishólms.
Óþekktur ljósmyndari

Um miðbik 19. aldar til aldamótanna 1900 var Stykkishólmur orðinn miðstöð verslunar og samgangna og var þá býsna „Danskur bær“. Staðurinn varð héraðsmiðstöð eða jafnvel landshlutamiðstöð, þar var stjórnarsýsla og heilbrigðisþjónusta auk verslunar og handverks. Félagslíf jókst töluvert og félagsmenning sömuleiðis og eins og kemur fram í Sögu Stykkishólms þá streymdu margir í byggðalagið í leit að tækifærum og fjölgaði íbúum því hratt.

Uppúr 5. áratug 19. aldar fækkaði íbúum töluvert en uppgangstími varð aftur á sjöunda áratugnum. Samdráttur varð svo aftur á 9. áratugnum eða eins og það er orðað í Sögu Stykkishólms „virtist fátt heilla menn til búsetu í Hólminum“.

Tuttugasta öldin einkenndist af uppbyggingu. Iðnaður var talsverður og var starfræktur í Stykkishólmi slippur og skipasmíði. Þá var það á fjórða áratug þessarar aldar að St. Franciskusspítalinn var byggður. Iðnskóli var á staðnum og húsgagnaframleiðsla og um tíma voru tvær trésmiðjur í bænum. Með tilkomu veiða og vinnslu á hörpuskelfiski á áttunda áratugnum varð mikill uppgangur í Hólminum. Á níunda áratugnum var Stykkishólmur frumkvöðull á landsvísu í þróun og markaðssetningu í ferðaþjónustu.



St. Franciskusspítalinn í byggingu 1934. Heilbrigðisþjónusta í 60 ár



Ljósm. Árni Helgason. Ljósmyndasafn Stykkishólms.

4. ÞRÓUN Í ATVINNUMÁLUM OG ÞJÓNUSTU

Umræðan um atvinnumál var fyrirferðarmikil á þinginu, en þau hafa brunnid talsvert á íbúum eftir að tilkynnt var um bann við veiðum á hörpuskel, sem hefur verið veigamikill þáttur í atvinnulífi bæjarins, eins og fram hefur komið. Umræðan var lífleg og þátttakendur lögðu mikla áherslu á mikilvægi þess að allir leggist á eitt við eflingu atvinnulífs, þar sem stefnt verði að aukinni fjölbreytni og nýtingu sóknarfæra í ferðaþjónustu og annarri nýsköpun. Það var þátttakendum ofarlega í huga að sköpuð verði atvinnutækifæri sem gera unga fólkinu kleift að snúa aftur til Stykkishólms að loknu námi, hvort sem um er að ræða verk- eða háskólanám.



Ferðaþjónusta er sá atvinnuvegur sem þátttakendur töldu að bjóði upp á mesta möguleika, ekki síst á sviði heilsuferðaþjónustu. Unnið hefur verið að verkefni á því sviði, af hálfu Heilsueflingar Stykkishólms ehf. og m.a. hefur heita vatnið hlotið heilbrigðisvottun frá Institut Fresenius í Þýskalandi. Fjöl margar ábendingar komu fram um áframhaldandi áherslu á uppbyggingu Stykkishólms sem heilsuþéttar m.a. með eflingu bakdeildar St. Fransiscusspítalans, frekari nýtingu á heita vatninu og öflugri markaðssetningu.

*„Okkur vantar
vegvisi til
fram tíðar“*

Af öðrum sóknarfærum var meðal annars nefnd virkjun sjávarfalla í Breiðafirði og aukin fullvinnsla í sjávarútvegi. Talsvert var minnst á þá nýsköpunarvinnu sem er nú þegar hafin í Hólminum varðandi virkjun sjávarfalla til vetnisframleiðslu. Talið var að þar sem slík þróunarvinna tengist framleiðslu vistvænnar orku væru möguleikar á fjármagni erlendis auk þess sem slík vinna fellur vel að ímynd Stykkishólms sem heilsuþéttar þar sem umhverfissjónarmið eru höfð í hávegum.

Þátttakendur lögðu áherslu á mikilvægi þróunarvinnu og nýsköpunar í atvinnulífi bæjarins og var í því sambandi bent á tækifæri í frekari eflingu fræðslu- og rannsóknarstarfsemi sem tengist umhverfi Stykkishólms. Var bent á að sóknarfæri liggi í enn frekara samstarfi við háskólastofnanir um rannsóknir tengdar svæðinu og tengingu þess við atvinnulífið.

Mikilvægt er að benda á að á þinginu kom fram að atvinnulífið í Stykkishólmi er talvert fjölbreytt, sérstaklega þegar miðað er við bæjarfélög af sömu stærðargráðu.

Fram kom að aukið framboð atvinnu- og íbúðarhúsnæðis er mikilvægur liður í eflingu bæjarins og er sérstaklega þörf fyrir þjónustuíbúðir fyrir aldraða og minna húsnæði fyrir ungt fólk. Kallað var eftir því að bæjaryfirvöld taki höndum saman við atvinnurekendur um byggingu atvinnuhúsnæðis.

Þátttakendur tjáðu þá framtíðarsýn fyrir Stykkishólm að íbúum fjölgi eitthvað, gjarnan í 2000 íbúa, en í dag eru íbúar um 1280. Með auknum fjölda íbúa myndi þjónustustig og fjölbreytni í þjónustu í Hólminum einnig hækka. Mest áhersla var þó lögð á að stækkun sveitarfélagsins gerist með sameiningu allra sveitarfélaga á Snæfellsnesi, sem fékk góðan hljómgrunn á þinginu.

„Vantar þróunarvinnu í fyrirtækin og að marka framtíðarsýn“

„Heilsubær á heimsmælikvarða“


„Húsnæðisleysi fyrir þá sem vilja setja á stofn fyrirtæki“



5. LÍFSSTÍLL 21

5.1. Þróun í ferðapjónustu


Samkvæmt spá World Tourism Organisation (WTO) mun ferðapjónusta aukast næstu 20 árin í Evrópu, þrátt fyrir þá lægð sem hefur gengið yfir síðustu tvö ár í kjölfar hryðjuverkaárása í Bandaríkjunum og farsóttu.



Heimild: WTO

Á Íslandi er það einnig greinilegt að ferðapjónusta er sú atvinnugrein sem er í hvað hröðustum vexti og aflar atvinnugreinin 13% gjaldeyrstekna þjóðarinnar. Erlendum ferðamönnum á Íslandi fjölgaði að jafnaði um 9% á ári frá 1991 til 2000 og var fjölgunin, samkvæmt skýrslu Ferðamálaráðs, meiri yfir vetrarmánuðina en sumartímann (Ferðamálaráð Íslands 2003).


Samkvæmt niðurstöðum í skýrslu Ferðamálaráðs (2003) eru þeir þættir sem hafa áhrif á ákvörðun fólks um að koma til Íslands fyrst og fremst að upplifa náttúru landsins en einnig er algengt að ferðamenn komi hingað til að kynnst sögu og menningu landsins.



Heimild: Ferðamálaráð Íslands 2003

Þá kemur það fram að erlendir ferðamenn hafa sérstaklega áhuga á náttúrutengdri afþreyingu (Ferðamálaráð Íslands 2003).

Heilsutengd ferðamennska hefur einnig stóruaukist og er spáð áframhaldandi aukningu á næstu árum. Í því sambandi er vert að benda á að Alþjóðleg samtök heilsulinda, ISPA, hafa vaxið 13 falt á síðasta áratug og hafa heimsóknir í heilsulindir aukist um 16% á einu ári (1999-2000).



Heimild: Ferðamálaráð Íslands 2003

Í Stykkishólmi er góður grunnur til staðar í ferðaþjónustu og bærinn hefur ákaflega marga kosti, bæði fyrir náttúru- og heilsutengda ferðaþjónustu, sem gerir bæinn eftirsóknarverðan til uppbyggingar ferðaþjónustu

„Lífsstíll 21“

Sýnt hefur verið fram á það að á síðustu árum nýtur það vaxandi vinsælda á meðal Vesturlandabúa að einfalda lífsstílinn og njóta ekki aðeins lífsgæða í hefðbundnum skilningi heldur einnig gæðalífs. Í því felst gjarnan að fólk flytji í minni þorp eða sveitir og er ekki óalgengt að vinnan sé tekin með og þá unnin í formi fjarvinnu. Sífelld fleiri sækjast eftir einfaldari, fjölskylduvænni og heilbrigðari lífsstíl og má segja að þetta séu á vissan hátt viðbrögð við þróun sem á sér stað í flóknum borgarsamfélögum þar sem nágrennar þekkjast ekki og leita þarf langt til að komast í óspillta náttúru. Frá þessu sjónarmiði er það eftirsóknarvert að heimsækja eða búa á stað þar sem er fallett umhverfi, gott samfélag og lítt mengandi atvinnustarfsemi. Allt þetta hefur Stykkishólmur til að bera og hefur þar jafnvel nokkurt forskot á við ýmsa aðra staði hér á landi. Í umhverfismálum má nefna hreina og óspillta náttúru, ríkt lífríki, heitt vatn sem er vottað sem heilsuvatn og að höfnin er ein af fyrstu höfnum landsins til að fá umhverfisvottunina Bláfánann. Atvinnustarfsemi í bænum er lítt mengandi, St. Franciskusspítalinn hefur sérhæft sig í meðferð bakvandamála, góð íþróttamannvirki eru á staðnum og ferðaþjónusta er þróuð. Í Stykkishólmi þrífst gott íþrótt- og félagslíf, skólar eru góðir og gamall og fallett miðbærinn er aðlaðandi. Smæð samfélagsins og sterk samfélagsvitund er einnig jákvæður kostur.


Stykkishólmur hefur tækifæri til að vera leiðandi í lífsstíl 21, þ.e. þeim lífsstíl sem lýst hefur verið hér að ofan og byggir sú greining á kostum bæjarins undir þremur meginstoðum sjálfbærrar þróunar, sem eru umhverfi, efnahagur og samfélag. Þessi greining hefur verið sett fram í skýringarmyndinni hér að neðan.



Kostir Stykkishólms sem heilsubæjar og umhverfsvæns bæjar eru að ýmsu leyti nauðsynlegur grunnur að eflingu ferðapjónustu. Í greiningu á þeim hindrunum sem mögulega standa í vegi fyrir því að efla þessa þætti, kom fram að þær eru að mörgu leyti þær sömu fyrir þá alla. Eftirfarandi hindranir og ógnanir voru greindar sem þær helstu:

- Áhugaleysi.
- Skortur á fjármagni.
- Stuttur ferðamannatími.
- Markaðssetning.
- Skortur á samvinna og samhug.
- Ósjálfbær nýting auðlinda – mengandi starfsemi í heiminum.
- Neikvæð áhrif ferðapjónustu almennt á umhverfið.


Til þess að yfirvinna hindranirnar og ógnanirnar sem gætu staðið í vegi fyrir því að vel takist í eflingu Stykkishólms sem ferðapjónustubæjar, þar sem byggt er á heilsueflingu, náttúru og sögu, er nauðsynlegt að byggt sé á styrkleikunum, lokað á veikleikana, komið í veg fyrir mögulegar ógnanir og tækifærin nýtt til hins ítrasta.



6. BREYTING NORMA


Þegar litið er til möguleika Stykkishólms varðandi framtíðarþróun í bænum er áhugavert að fjalla stuttlega um það hvernig „norm“ breytast í samfélagi.

„Samfélags-amaban“ skýrir hvernig þróun viðhorfsbreytinga og hegðunar í samfélaginu gerist og þau hlutverk sem þátttakendur leika í ferlinu. Skýringarmyndin að neðan sýnir fjögur stig samfélagsbreytinga:



Á skýringarmyndinni að neðan má sjá þá ólíku hópa sem amaban samanstendur af. Samkvæmt kenningunni um „samfélags amöbuna“ eru það frumkvöðlar sem fara fyrst af stað. Bráður meirihluti er nokkuð stór hluti samfélagsins og er sá hópur hvorki fylgjandi né andvígur nýjum venjum eða viðhorfum. Þessi bráði meirihluti er þó frekar tilbúinn til að tileinka sér breytingar og breytir hegðun sinni þegar hæfilega margir hafa breytt.

Hinn hægi meirihluti er líkur hinum bráða meirihluta en er frekar á móti breytingum og þarf meiri þrýsting til að fylgja með, eins og nafnið bendir til. Nei hópurinn heldur svo aftur á móti virkri andstöðu, þar sem hann hefur e.t.v. hag af því að halda í það gamla.



Þessi hlutverk eru yfirleitt ekki eitthvað sem fólk tileinkar sér og er viðvarandi, heldur hefur hver einstaklingur ólík hlutverk á ólíkum sviðum. Tiltekinn einstaklingur getur verið í frumkvöðlahópnum á einu sviði en í nei hópnum á öðru.

Hverja er best að virkja í tilfellum þegar þátttaka og stuðningur íbúa í breytingum í samfélaginu eru framundan, t.d. í umhverfismálum eða sameiningarmálum? Þegar vitað er í hvaða hlutverkum fólk í samfélaginu er, er ljóst hvert er best að beina orkunni og hverja ber að virkja. Nei hópurinn er gjarnan talsvert hávær og er freistandi að beina kröftunum í að sannfæra hann. Það er oft mat fólks að þörfin sé mest þar, en yfirleitt næst ekki mikill árangur með slíkri vinnu. Því ætti, samkvæmt þessari kenningu, að byrja á því að virkja frumkvöðlahópinn og hinn bráða meirihluta. Þegar 5-25% heildarhópsins eru farnir að gera eitthvað, fylgja hinir á eftir.

Því má halda fram að þeir sem tóku þátt í íbúáþinginu í Stykkishólmi, tilheyri alla jafna hópi frumkvöðla eða bráðs meirihluta. Þetta er fólkið sem einnig er virkt í félagslífi bæjarins og lætur sig málefni samfélagsins varða. Það er þekkt að á litlum stöðum að það er tiltölulega lítill hópur sem ber hitann og þungann af samfélagsverkefnum. Sömu einstaklingar eru gjarnan leiðandi á fleirum en einum vettvangi. Því miður fær þetta fólk oft lítið þakklæti frá þeim stóra hópi fólks í samfélaginu sem eru þiggjendur. Fólk brennur út og erfitt er að virkja fleiri til að sinna sjálfböðastörfum.

Til að ná árangri í því að „Hólmarar taki höndum saman“, er mikilvægt að reyna að virkja fólk sem hingað til hefur verið óvirkt og leyfa þeim sem eru tilbúnir að sinna samfélagsverkefnum að finna að störf þeirra eru mikilvæg fyrir samfélagið og vel metin.

7. NIÐURSTÖÐUR UM EINSTÖK VIÐFANGSEFNI

Hér fara á eftir helstu niðurstöður um einstaka málaflokka sem voru til umfjöllunar á íbúapínginu.

7.1. Sameining sveitarfélaga

Á þinginu var rætt um stöðu Stykkishólms í sameinuðu sveitarfélagi á Snæfellsnesi í sérstökum vinnuhópi. Greina mátti í umræðunni í hópnum að sameining sveitarfélaga á Snæfellsnesi er það sem koma skal og komu um það skýr skilaboð að Stykkishólmur eigi að eiga frumkvæði um sameiningu frekar en að bærinn þurfi að fylgja fyrirmælum um það að ofan.

Á þinginu var almennt rætt um að fjölga þurfi íbúum í Stykkishólmi og var þá miðað við u.þ.b. 2000 íbúa en einnig að fjölga þurfi íbúum í sveitarfélaginu með sameiningu. Var horft til sameiningar sveitarfélaga sem leið til eflingar bæjarins. Skýr skilaboð komu um það að Stykkishólmur eigi að nálgast sameiningu út frá því að byggja á styrkleikum sínum og nýta sér þau tækifæri sem felast í sameiningu. Þeir helstu styrkleikar sem þátttakendur komu auga á voru að í Hólminum er staðsett talsverð opinber þjónusta og má einnig nefna Rarik og Náttúrustofu. Tækifærin sem þátttakendur sáu eru m.a. þau að með sameiningu sveitarfélaganna á Snæfellsnesi fæst hagræðing í rekstri sveitarfélagsins, betri nýting fjármagns og öflugri og betri þjónusta. Var þá einnig bent á það að mikilvægur styrkleiki felst í þeirri heilbrigðisþjónustu sem er á staðnum, góðum skólum og fyrirmyndar íþróttaaðstöðu.

„Efla jákvæðni og bjartsýni í bænum“

Þannig ætti einnig að draga úr þeim veikleikum sem Stykkishólmur hefði í sameinuðu sveitarfélagi og þeim ógnunum sem stæðið gætu í vegi fyrir því að Stykkishólmur verði öflugur bær á sameinuðu Snæfellsnesi. Helstu veikleikar sem þátttakendur sáu felast í sameiningu voru staðsetning Stykkishólms og að bærinn væri að vissu leyti endastöð á nesinu og að á meðal íbúa hafi ríkt ákveðin neikvæðni gagnvart sameiningu. Sú ógnun sem þátttakendum var efst í huga var spurningin um staðsetningu stofnana og stjórnsýslu og möguleg togstreita milli núverandi sveitarfélaga um staðsetningu þjónustu í sameinuðu sveitarfélagi.

Á þinginu komu skýr skilaboð um að mikilvægt er að í áframhaldandi umræðu um sameiningu sveitarfélaga á Snæfellsnesi sé það haft að leiðarljósi að það er sterkt fyrir Stykkishólm að hafa frumkvæði í sameiningarviðræðum og þannig vera leiðandi og að undirbúningur að sameiningu verði unninn í samráði við íbúana. Leiðarljósið stuðlar að sókn Stykkishólms frekar en vörn og sterkari stöðu í sameiningarferlinu og með víðtæku samráði við íbúa fæst betra bakland meðal þeirra.

Sameining sveitarfélaga á Snæfellsnesi er, samkvæmt niðurstöðum íbúapíngsins, þannig talin vera leið Stykkishólms til eflingar.

7.2. Opinber þjónusta

Almenn ánægja og sátt virðast ríkja um skólastarf í bænum, en þátttakendur voru sammála að bætt leikskólahúsnæði sé forgangsverkefni. Brýn þörf er á hentugra húsnæði. Umræðan um húsnæðismál Grunnskólans var nokkur og kom fram að æskilegt sé að marka stefnu um að Grunnskólinn fari undir eitt þak, en í dag er kennt á tveimur stöðum. Fram kom að framtíðarskipulag Grunnskólans þurfi einnig að taka mið af starfsemi og húsnæðisþörfum Tónlistarskólans og var kallað eftir frekari samræmingu skólastarfi Grunnskólans og Tónlistarskóla Stykkishólms.

„Skapa eins gott skólaumhverfi og hægt er að skapa með mannvirkjum“

„Vantar að fá fólkið til að vera meiri þátttakendur í æskulýðs- og íþróttamálum“



Æskulýðsmálin voru þátttakendum ofarlega í huga og var þar fyrst og fremst kallað eftir aukinni fjölbreytni, sérstaklega fyrir börn og unglunga sem hafa önnur áhugasvið en íþróttir. Komu þá ábendingar um að ráða þurfi æskulýðs- og/eða íþróttafulltrúa til bæjarins og áhersla á samstarf í málaflokkum sem tengjast eflingu forvarna.

Annað sem kom fram um opinbera þjónustu var að þörf sé á úrbótum í ferlimálum aldraðra og fatlaðra. Staðsetning Dvalarheimilis aldraðra og vegalend milli þess og sjúkrahúss skapar erfiðleika í ferlimálum. Fram kom að afþreying aldraðra er ekki nægilega fjölbreytt og æskilegt að aldraðir verði virkari í samfélaginu.



7.3. Útivist

Útivist er vaxandi þáttur í lífsstíl bæjarbúa og var á þinginu lögð áhersla á að þær kjöraðstæður sem eru til útivistar í Stykkishólmi og nágrenni verði bættar enn frekar. Mest var kallað eftir göngustígum út fyrir bæinn og meðfram ströndinni ásamt bættum merkingum helstu leiða til útivistar. Þá er greinilegt að Hólmara hafa mikinn metnað fyrir umhverfi og umgengni í bænum og var kallað eftir samstilltu átaki til að bæta þau svæði þar sem þessu er ábótavant.

„Gamli miðbærinn er friðaður og sumir drullupollarnir líka“



7.4. Safnamál

Greinilega kom fram að íbúar telja mikil verðmæti felast í sögu og menningu bæjarins og töldu þátttakendur mikilvægt að meira verði gert úr þeirri auðlind. Gríðarlega mikil áhersla var á safnamál og komu fjölmargar hugmyndir um söfn af ýmsu tagi og leiðir til að miðla sögunni, t.d. með merkingum og leiðsögn.

„Stykkishólmur fari sem allra fyrst af stað með bátasafn í samvinnu við Þjóðminjasafnið“

„Okkur vantar hollvinasamtök svo brottfluttir fái tækifæri til að auðga mannlífið í Stykkishólmi“



7.5. Frístundahús og hollvinasamtök

Það er vaxandi þróun í Stykkishólmsbæ að utanbæjarfólk kaupi hús í bænum og eigi þau sem frístundahús. Nú eru um 7 - 8% íbúðarhúsnæðis í Stykkishólmi svokölluð frístundahús. Þátttakendur þingsins virtust almennt sammála um að mikilvægt sé að reyna að virkja eigendur frístundahúsa í Hólminum til þátttöku í samfélaginu. Nokkrir eigendur frístundahúsa mættu til þingsins og var fróðlegt að heyra sjónarmið þessara íbúa. Meðal annars kom fram að þeim þætti það góður kostur ef leyfilegt væri að greiða útsvar í tveimur sveitarfélögum svo framarlega sem það skerti ekki rétt til þjónustu í heimasveitarfélaginu.

Á þinginu kom fram áhugi á stofnun Hollvinasamtaka Stykkishólms, sem gæti höfðað til brottfluttra Hólmara, núverandi íbúa, eigenda frístundahúsa og annarra velunnara. Nú þegar er unnið að undirbúningi að stofnun slíkra samtaka.





„Ef við horfum á Snæfellsnesið sem eina heild þá erum við að tala um 5000 manna hóp í staðinn fyrir 1250 hræður“

„Höfnin fékk Bláfánann og við erum mjög stolt af því“



„Sjúkrahúsið er hjartað í því að gera þetta að heilsuvænum bæ“

„Tækifæri eru alveg örugglega í tengslum við heita vatnið og heilsutengda ferðaþjónustu“



8. VINNA NEMENDA Í GRUNNSKÓLANUM

Fyrir íbúáþingið fóru fram þemadagar í Grunnskólanum í Stykkishólmi og mættu fulltrúar þeirra til þingsins og kynntu vinnuna. Vinnan sem nemendurnir unnu var vægast sagt glæsileg og fór ekki framhjá neinum að mikill metnaður var lagður í vinnuna á öllum aldurstigum. Verkefni nemendanna voru til sýnis á íbúáþinginu og vakti hún mikla athygli á meðal þátttakenda.



„Það er gaman að búa í Stykkishólmi af því þar er skemmtilegur skóli“

Yngsta stig er uppi í Barnaskóla, í því eru krakkarnir úr 1. – 4. bekk þau byrjuðu á að skrifa sögur um “Hvað er gott við að búa í Stykkishólmi?” og ræddu svo hvað mætti betur fara í bænum okkar. Út frá hugmyndum þeirra var ákveðið að taka fyrir fjögur verkefni, þ.e. dýragarð, sundlaugina, íþróttasvæðið og umferð og þjónustu. Hver bekkur bjó til líkan, gerði myndverk og sögur.



Mynd: Stykkishólms-Pósturinn

Miðstig samanstendur af 5., 6. og 7. bekk, þeim var öllum steipt saman og myndaðir þrír nýjir bekkir sem innihéldu 1/3 úr hverjum bekk. Unnið var með þeim verkefni tengt íþróttum og tómstundum í Stykkishólmi. Einn hópur vann sameiginlega að 5 myndverkum með mósaík-aðferð, þar sem myndefnið tengdist efni íbúðingins. Myndirnar voru hengdar upp á íbúðinginu og síðan í skólanum. Loks vann þriðji nemendahópurinn að leiknum auglýsingum um Stykkishólm sem voru teknar upp á myndband.



„Það komu öll 70 börnin að hverri mynd“


Elsta stigið eru nemendur úr 8. – 10. bekk. Þau völdu sér þrjú viðfangsefni, þ.e. skólinn, bærinn og þjónusta við fólkið. Bekkjunum var blandað saman í hópa sem unnu út frá punktum vandamál, draumar og lausnir. Hver hópur valdi sér viðfangsefni, skilgreindi vandamálið og vann síðan að lausn þess og tengdi það jafnframt draumum þeirra um betri framtíð í Hólminum.



9. ÁFRAM VEGINN


9.1. Vegvísir

Það er mat Alta þegar litið er á lausn til lengri tíma að mikilvægt er að komið sé á fót samráðs- og samvinnuvettvangi til þess að árangur náist í vinnu að sameiginlegri framtíðarsýn. Til þess að slíkur samvinnuvettvangur skili árangri er mikilvægt að fulltrúar allra hagsmunaaðila taki þátt í vinnunni og að ferlinu sé stýrt af óháðum aðila sem hefur það hlutverk að verkstýra og finna snertifleti í erfiðum málum. Á samráðs- og samvinnuvettvangi er verkefnum útdelt og nokkru seinna er árangur metinn, forsendur endurskilgreindar og verkefnum deilt út á ný (sjá skýringarmynd að neðan).



Eins og skýringarmyndin að neðan sýnir, er mikilvægt til þess að árangur náist með samráðs- og samvinnuvettvangi að samstarf þeirra aðila sem eiga hagsmuna að gæta í tilteknu verkefni sé samfellt. Mikilvægt er að ferlinu sé stjórnað og að komið sé saman með reglulegu millibili, því eins og sést á myndinni þá er það fyrst eftir að komið hefur verið saman að krafturinn er mestur í vinnunni og svo dvínar hann smám saman. Því er mikilvægt að komið sé saman reglulega og farið sé yfir stöðu verkefnanna og árangur metinn og markmið sett.

Samfellt og stöðugt samstarfsferli allra hagsmunaaðila



Reglubundinn afmarkaður samráðsvettvangur fulltrúa hagsmunaaðila, stýrt af óháðum aðila.

Síendurtekinn samráðsvettvangur skilar:

- Skýrri og sameiginlegri framtíðarsýn
- Afmörkun á verkefnum og forgangsröðun
- Þekkingu
- Jákvæðni og samstarfsvilja
- Meiri árangri vegna samvinnu – ekki lengur hver að vinna í sínu horni


9.2. Fundur um eftirfylgni

Ákveðið hefur verið að í janúar 2004 verði haldinn fundur þar sem tekin verða fyrstu skref í mótun samráðs- og samvinnuvettvangs af því tagi sem fjallað er um hér að ofan. Fram að þeim tíma verður unnið að skilgreiningu umbótaverkefna og byggt á hugmyndum sem komu fram á þinginu og þeim fundinn farvegur.

9.3. Hólmarrar taka höndum saman

Í gegnum tíðina hefur, líkt og annars staðar hafa skipst á skin og skúrir í Stykkishólmi og hafa nýjar atvinnugreinar komið upp og vaxið eða dáíð eftir atvikum. Óhætt er þó að segja að að Stykkishólmur hefur staðið af sér þau áföll sem fylgt hafa breyttum tímum. Nú standa Hólmarrar enn á ný frammi fyrir breyttum tímum, en með því að taka höndum saman, mun Stykkishólmur óhikað snúa vörn í sókn og búa sig undir þau tækifæri sem framtíðin ber í skauti sér.

Stykkishólmur
leiðandi í
LÍFSSTÍL 21



© Mats Wibe Lund

Ráðgjafarfyritækið Alta þakkar fyrir ánægjulegt samstarf við íbúapingið „Tökum höndum saman“ með ósk um velgengni í áframhaldandi nýtingu þeirra sóknarfæra sem til staðar eru í Hólminum.

10. VIÐAUKAR – NIÐURSTÖÐUR VINNUHÓPA

Eftirfarandi eru titlar á þeim vinnuhópum sem unnið var í á íbúðinginu:

1. Umhverfi og útivist.
2. Fræðslumál og frístundir.
3. Atvinnulíf og þjónusta.
4. Gott og samheldið samfélag.
5. SVÓT - Stykkishólmur í sameinuðu sveitarfélagi.
6. SVÓT - Stykkishólmur sem heilsubær.
7. SVÓT - Stykkishólmur sem umhverfisvænn bær.
8. SVÓT - Stykkishólmur sem ferðaþjónustubær.
9. Næstu skref - forgangsröðun.
10. Vinna nemenda í Grunnskólanum.

10.1. Umhverfi og útivist

Í vinnuhópnum voru þegar mest lét, um 45 manns og voru þátttakendur mjög virkir og líflegar umræður. Lögð var áhersla á að halda þurfi áfram að bæta aðstöðu til útivistar, sérstaklega með lagningu fleiri göngustíga utan bæjarins og e.t.v. með ströndinni. Raddir heyrðust um að auka þurfi viðhald á einhverjum þeirra stíga sem fyrir eru. Talsvert var rætt um umgengni í bænum og kom fram að þar eru margar auðar og vannýttar lóðir sem eru í órækt og að umgengni á atvinnusvæðum er víða ekki nógu góð. Frágangi á opnum svæðum í miðbænum er ekki til prýði innan um falleg endurbyggð gömul hús. Jarðvegstíppir utan bæjarins voru til umræðu og hversu illa það líti út þegar ekið er inn í bæinn.

SAMANTEKT

Málefni:

- Vanhirða og órækt er á auðum lóðum og umhverfis atvinnurekstur á nokkrum stöðum.
- Göngu- og reiðstígakerfi er ófullnægjandi og merkingum áfátt.
- Vandamál vegna stefnuleysis í efnistöku og losun í grennd við bæjarlandið.
- Umgengni við gömlu sorphaugana og frárennsli í Maðkavík er ekki nógu góð.
- Bærin gæti verið vistlegri. Vantar meiri trjágróður.
- Íbúar eru ekki nægilega meðvitaðir um flokkun sorps og endurvinnslu.
- Menningarminjar eru ekki dregnar nægilega vel fram.
- Frágangi í gamla miðbænum er áfátt.

Aðgerðir:

- Nýta betur auðar lóðir í bænum, annað hvort undir byggð eða grænka og gera þær aðlaðandi. Átak í umgengni á atvinnusvæðum og frágangi í miðbænum.
- Gera átak í viðhaldi göngustíga og stefna að lagningu nýrra göngu- og reiðstíga utanbæjar. Merkja þarf helstu leiðir til útivistar og gera göngukort.
- Marka heildræna stefnu varðandi efnistöku og efnislosun, í samvinnu við nágrannasveitarfélag.
- Standa fyrir átaki í umhverfisfræðslu og virkja íbúa og félagasamtök til sóknar í umhverfismálum.
- Gera áætlun um grænkun bæjarins með heppilegum gróðurtegundum og gróðursetningarátaki í kjölfarið, með breiðri þátttöku.
- Draga fram menningarminjar með merkingum og minjasöfnum. Nota söguna, menninguna og heita vatnið til sóknar í ferðapjónustu.
- Leita markvisst leiða til að afla fjármagns hjá ríki, sjóðum og einkaaðilum.
- Tryggja að íbúapöngin sé fylgt vel eftir og hlutunum hrint í framkvæmd. Frekara samráð og samvinnu til eflingar jákvæðni í bænum.

10.2. Fræðslumál og frístundir

Í vinnuhópnum sem fjallaði um fræðslumál og frístundir sátu um 30 þátttakendur. Áhersla var lögð á að bæta þurfi úr húsnæðismálum leikskólans og Grunnskólans og kom fram áhugi á að í nýju húsnæði Grunnskólans verði gert ráð fyrir aðstöðu fyrir Tónlistarskólann til að auka frekari samþættingu þar á milli. Var þá talsverð áhersla lögð á aukna fjölbreytni í æskulýðsmálum, sérstaklega m.t.t. barna og unglinga sem hafa önnur áhugasvið en íþróttir. Á sviði framhaldsmenntunar kom fram að þátttakendur vildu sjá nýjan framhaldsskóla öflugan og með sérstöðu og var kallað eftir áframhaldandi uppbyggingu náms á háskólastigi í Hólminum. Talsverð umræða var um atvinnumál og lögð áhersla á nýtingu þeirra sóknarfæra sem til staðar eru í nýsköpun og mikilvægi þess að laða að ný fyrirtæki.

SAMANTEKT

Málefni:

- Mikilvægt er að Grunnskólinn fari undir eitt þak og enn frekari samþættingu milli Grunnskólans og tónlistarskólans
- Þörf er á aukinni fjölbreytni í æskulýðsmálum fyrir börn og unglinga sem hafa önnur áhugasvið en íþróttir
- Þörf er á hentugra leikskólahúsnæði
- Þörf er á stærri líkamsræktaraðstöðu
- Mikilvægt er að nýr framhaldsskóli verði öflugur
- Kallað eftir áframhaldandi uppbyggingu háskólanáms og möguleikum símenntun
- Ónýtt sóknarfæri eru til staðar í nýsköpun og kallað eftir fleiri fyrirtækjum á staðinn

Aðgerðir:

- Skipulagt verði heildstætt skólasvæði í samráði við hagsmunaaðila
- Stuðlað verði að fjölbreyttari áherslum í æskulýðsmálum og ráðinn íþróttá- og æskulýðsfulltrúi
- Kallað er eftir skjótri endurnýjun leikskólahúsnæðis
- Leitað verði leiða til uppbyggingar líkamsræktaraðstöðu
- Að áhersla verði lögð á að nýr framhaldsskóli hafi sérstöðu
- Frekari uppbygging Fræðsluseturs og aðstöðu til fjarnáms ásamt aukinni samvinnu við rannsóknarstofnanir og tengsl við atvinnulífið á svæðinu, s.s. virkjun sjávarfalla til vetnisframleiðslu
- Stuðlað verði að nýtingu ónýtt atvinnuhúsnæðis og uppbyggingu nýs atvinnuhúsnæðis til að laða að fyrirtæki
- Sveitarfélög á Snæfellsnesi sameinist og áhersla verði lögð á bættar samgöngur.

10.3. Atvinnulíf og þjónusta

Í hópnum sátu um 40 manns. Skortur á fjölbreytni í atvinnulífinu var þátttakendum hugleikinn og að atvinnutækifæri skorti sérstaklega fyrir menntað fólk. Var í því sambandi talsvert rætt um sóknarfæri í atvinnulífinu og var þar lögð áhersla á ferðaþjónustu, sérstaklega heilsutengda ferðaþjónustu. Fjölmargar ábendingar komu fram um þörf fyrir eflingu nýsköpunar og þróunarvinnu. Kallað var eftir auknum stuðningi við þau fyrirtæki sem eru til staðar sem og þörf á að laða að ný fyrirtæki. Þátttakendur voru flestir sammála um það að íbúar þurfi að styðja betur við þá verslun og þjónustu sem er til boða í Stykkishólmi og einnig var kallað eftir aukinni fjölbreytni í verslun og þjónustu. Mikill áhugi kom fram á uppbyggingu ýmiss konar safna.

SAMANTEKT

Málefni:

- Skortur er á fjölbreytni í atvinnulífi, sérstaklega fyrir menntað fólk.
- Sóknarfæri er í ferðaþjónustu en stefnu um eflingu hennar skortir fyrir Stykkishólmi og Snæfellsnesið í heild.
- Kallað eftir eflingu þróunarvinnu og nýsköpun. Sóknarfæri liggur í frekari nýtingu á heita vatninu, á heilbrigðissviði og eflingu fræðslu- og rannsóknarstarfsemi er tengist umhverfi Stykkishólms.
- Verð á matvöru er of hátt og úrval skortir. Kallað eftir aukinni fjölbreytni í verslun og þjónustu.
- Kallað eftir uppbyggingu safna í Stykkishólmi er tengist náttúru og menningu.
- Skortur er á samvinnu á meðal fyrirtækja og íbúa og kallað eftir aukinni jákvæðni.
- Skortur er á íbúðar- og atvinnuhúsnæði í Stykkishólmi.

Aðgerðir:

- Fyrirtæki móti stefnu til sóknar og leitað leiða til að laða að ný fyrirtæki.
- Stuðla að markvissri stefnumótun í eflingu ferðaþjónustu með samstarfi hagsmunaaðila, með áherslu á heilsutengda ferðaþjónustu.
- Samstarf við háskólastofnanir um rannsóknir tengdar svæðinu og tenging þess við atvinnulífið. Fræðslusetur efti frekar.
- Stefna sett um uppbyggingu safna í Stykkishólmi í samstarfi við þá sem tengjast málinu.
- Íbúar og fyrirtæki standi saman í þróun samfélagsins stuðningur við frumkvæði verði aukinn. Kallað eftir auknum stuðningi íbúa við verslun og þjónustu í heimabyggð.
- Stuðlað verði að fjölgun íbúa með uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis og öðrum aðgerðum til að laða að fyrirtæki og til að hækka þjónustustig.
- Efla enn frekar bakdeildina á St. Franciskusspítalanum í tengslum við heilsuferðaþjónustuna.

10.4. Gott og samheldið samfélag

Í hópnum sátu 15 manns. Talsvert var fjallað um húsnæðismál aldraðra og þátttöku þeirra í samfélaginu. Fram kom að biðlisti er eftir þjónustuíbúðum eða öðrum íbúðum sem henta fyrir aldraða. Verði leyst úr þessu myndi hugsanlega losna um eignir sem væru hentugar fyrir ungt fólk sem er að hefja búskap. Rætt var um að upplýsingastreymi frá bæjaryfirvöldum þurfi að vera opnara. Efla þurfi samvinnu og framtak íbúanna og samráð af hálfu bæjaryfirvalda til að koma meiri hreyfingu á hlutina. Mikið sé um áhugasama íbúa sem megi virkja til framþróunar. Menningarmál voru talsvert til umræðu. Talað var um skort á aðstöðu fyrir söfn og að Hólmarar þurfi að standa sig betur varðandi þátttöku í hinum ýmsu viðburðum.

SAMANTEKT

Málefni:

- Skortur er á heppilegu húsnæði fyrir ungt fólk og aldraða, minni ódýrum íbúðum, leiguhúsnæði, þjónustuíbúðum
- Aðstöðu vantar fyrir söfn, s.s. bókasafn, bátasafn o.fl.
- Aðstaða leikskólans er ófullnægjandi og það er óhentugt og óhagkvæmt að hafa Grunnskólann á mörgum stöðum
- Aðbúnaður aldraðra og fatlaðra er ekki nægilega góður, sérstaklega aðgengi og afþreying
- Fæð íbúa heldur niðri möguleikum á meiri fjölbreytni í þjónustu og menningarmálum
- Umræður og upplýsingastreymi ekki nægilega opið né sýnilegt
- Íbúar sýna ekki nægilega jákvæðni og samheldni

Aðgerðir:

- Byggðar (þjónustu)íbúðir fyrir aldraða. Um leið gæti losnað um aðrar eignir
- Mörkuð stefna í safnamálum sem miði m.a. að því að finna heppilega aðstöðu á einum stað fyrir safnasetur
- Nýr leikskóli verði byggður og stefnt að því að setja Grunnskólann undir eitt þak
- Bæta ferlimál aldraðra og fatlaðra, með góðum gönguleiðum og aðgangi að sérútbúnum bíl. Afþreying byggð upp með virkri þátttöku eldri borgara sjálfra
- Setja markmið og stefnu um fjölgun íbúa og nýsköpun í atvinnumálum til að hægt sé að byggja upp þjónustu- og menningarstig enn frekar
- Leitað verði leiða til að auka upplýsingastreymi og samráð milli bæjaryfirvalda og íbúa
- Finna grundvöll til að efla jákvæðni og samheldni íbúa t.a.m. með reglulegum íbúafundum eða samvinnuvettvangi af einhverjum toga
- Opna umræður um framþróun bæjarins enn frekar og efla samráð.

10.5. SVÓT - Stykkishólmur í sameinuðu sveitarfélagi

Var þeirri framtíðarsýn varpað upp að sveitarfélög á Snæfellsnesi væru sameinuð og þar á meðal Stykkishólmur. Um átta þátttakendur voru í hópnunum.

| | |
|--|--|
| <p>Styrkleikar:</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Opinber þjónusta; stjórnarsýsla, Rarik, Náttúrustofa o.fl. ▪ –Sjúkrahús, heilsugæsla, sjúkráþjálfun ▪ –Skólar; grunn-, tónlistar og leikskólar ▪ –Íþróttaaðstaða | <p>Veikleikar:</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Staðsetning Stykkishólms – endastöð ▪ –Neikvæðni íbúa vegna sameiningar ▪ –Hólmarar eftirgefanlegir |
| <p>Tækifæri:</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Stjórnarsýslan – hagræðing í rekstri, betri nýting fjármagns, öflugri og betri þjónusta ▪ –Atvinna - stærra atvinnusvæði ▪ –Heilsugæsla og sjúkrahús | <p>Ógnanir:</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Staðsetning – ótti við að stofnanir verði staðsettar miðsvæðis ▪ –Togstreita um þjónustuna – byrjað að jafna þjónustuna – þjónusta fjarlægist ▪ –Spurning um staðsetningu stjórnarsýslu |

10.6. SVÓT – Stykkishólmur sem heilsubær

Í hópnum voru 7 þátttakendur og var unnið út frá því að Stykkishólmur væri heilsubær.

| | |
|---|---|
| <p>Styrkleikar:</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Rósemð og fegurð bæjarins ▪ Íþróttamannvirki ▪ Ferðapjónustan og gistaðstaða ▪ Sjúkrahúsið ▪ Sundlaugin ▪ Heita vatnið ▪ Staðsetning bæjarins ▪ Mannauður, jákvæðni gagnvart nýjungum | <p>Veikleikar:</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Kalda vatnið og vatnsból ▪ Fábreytt verslunarumhverfi ▪ Sundlaugin hentar ekki nægilega vel ▪ Líkamsræktaraðstaða ▪ Fjármögnun ▪ Gönguleiðir fáar og illa merktar ▪ Veðurfar á veturna [og skjólsælni bæjarins] ▪ Gistaðstaða ▪ Tungumálakunnátta ▪ Áhugaleysi |
| <p>Tækifæri:</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Heilsuböð og annað tengt heita vatninu sem er vottað ▪ Tækifæri í þjónustu og rekstri ▪ Nýting sjúkrahússins ▪ Minjagripaframleiðsla ▪ Sjávarfallavirkun í Breiðafirði ▪ Mannauður | <p>Ógnanir:</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Lélegra atvinnuástand með neikvæðum áhrifum á ímynd bæjarins ▪ Reglugerðir um sundlaugar hindra skemmtilegar lausnir ▪ Aðeins ein heitavatnsborhola |

10.7. SVÓT - Stykkishólmur sem umhverfisvænn bær

Í hópnum sátu 6 þátttakendur og var unnið út frá þeirri framtíðarsýn að Stykkishólmur væri umhverfisvænn bær.

| | |
|---|---|
| <p>Styrkleikar:</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Hrein og fjölbreytt náttúra og óspillt umhverfi. ▪ Höfnin og bláfáninn. ▪ Yfirbragð byggðarinnar og innviðir hans. ▪ Lítt mengandi starfsemi. ▪ Góð ímynd bæjarins á landsvísu. ▪ Breiðafjörðurinn og sterkir hafstraumar. | <p>Veikleikar:</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Íbúar bæjarins eru lítt meðvitaðir um umhverfið og umhverfismál. ▪ Umhverfisfræðslu ábótavant. ▪ Skólpín. Reglugerðum ekki fylgt eftir. ▪ Sorpmál. Lítil endurvinnsla og flokkun. ▪ Fyrirhyggjuleysi í framkvæmdum ▪ Fordómar gagnvart fólki sem er umhugað um umhverfið, neikæð viðhorf |
| <p>Tækifæri:</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Stykkishólmur hefur alla burði til að vera brautryðjandi á landinu á sviði umhverfismála. ▪ Umhverfisvæn starfsemi ▪ Umhverfisvitund bæjarbúa ▪ Heilsutengd ferðapjónusta ▪ Græn ferðapjónusta ▪ Sjálfbær nýting lands og umhverfis, fjárfesting fyrir komandi kynslóðir | <p>Ógnanir:</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Ósjálfbær nýting sjávar ▪ Ósjálfbær nýting náttúruauðlinda ▪ Stóriðja, þungaiðnaður ▪ Neyslumynstur ▪ Áhrif frá ferðapjónustu |

10.8. SVÓT - Stykkishólmur sem ferðaþjónustubær

Í hópnum sátu um 9 manns og var þeirri framtíðarsýn varpað upp að Stykkishólmur væri ferðaþjónustubær. .

| | |
|---|---|
| <p>Styrkleikar:</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Fegurð bæjarins, fallett bæjarstæði og gömul falleg endurgerð hús ▪ Breiðafjörðurinn og eyjarnar, náttúruna umhverfis bæinn ▪ Góð aðstaða og þjónusta við ferðamenn sem fyrir er ▪ Gott og jákvætt viðmót íbúa ▪ Heitt vatn og sundlaug ▪ Viðburðir, s.s. Danskir dagar | <p>Veikleikar:</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Skortur á fjármagni til ýmissa verkefna og framþróunar ▪ Stuttur ferðamannatími, þjónusta hverfur og rekstur fyrirtækja í ferðaþjónustu erfiður yfir vetrartímann ▪ Markaðssetning ekki nægilega öflug ▪ Skortur á húsnæði fyrir ýmsa starfsemi, s.s. söfn og gistirými yfir sumartímann |
| <p>Tækifæri:</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Mikil tækifæri felast í heita vatninu og heilsutengdri ferðaþjónustu ▪ Ónýtt tækifæri í náttúrunni og umhverfinu, s.s. leiðsögn um bæinn, fjallaferðir, ferðir fyrir fuglaáhugamenn ▪ Það liggja tækifæri í meiri samvinnu allra aðila ▪ Mikil ónýtt tækifæri í afþreyingu ferðamanna s.s. hjólaleigu, hestaleigu, ferðum með leiðsögn, minigolf, sjóstangveiði o.fl | <p>Ógnanir:</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Erfiðara verði að fá fjármagn til framþróunar í ferðaþjónustu ▪ Samkeppni við aðra ferðamannastaði ▪ Dregi úr framþróun og sköpunargleði með neikvæðri umfjöllun ▪ Hver vinni í sínu horni |

10.9. Næstu skref

Í þessum hópi sátu um 15 manns, þar á meðal nokkrir fulltrúar bæjaryfirvalda.

SAMANTEKT

Efling atvinnulífs

- Bæjaryfirvöld beiti sér fyrir eflingu atvinnulífs að því marki sem það er leyfilegt, s.s. með samskiptum og samráði við fyrirtæki og laða ný að, t.d. með heita vatninu

Húsnæði

- Bæjaryfirvöld eigi frumkvæði að uppbyggingu atvinnuhúsnæðis í samstarfi við fyrirtæki sem eru í húsnæðisþörf
- Leitað verði eftir samstarfi við Búseta um byggingu leiguíbúða

Safnamál

- Unnið verði að eflingu safnamála, m.a. í samstarfi við Þjóðminjasafnið, en byrjað með það sem til er og tekið eitt skref í einu. Bygging safnahúss bíði betri tíma

Skólamál

- Bygging leikskóla verði forgangsverkefni. Hann verði ekki staðsettur í sama kjarna og aðrir skólar
- Stefnt verði að því að Grunnskólinn fari undir eitt þak og einnig tekið mið af Tónlistarskólanum við lausn húsnæðismála

Umhverfi – útivist

- Haldið verði áfram að bæta aðstöðu fyrir útivist, með sérstaka áherslu á gott stígakerfi
- Hugað verði að fegrun umhverfis, í og við bæinn, t.d. á opnum svæðum og geymslusvæðum.

Miðlun upplýsinga

- Upplýsingastreymi frá bæjarskrifstofu verði aukið, t.d. með reglulegum fréttapunktum í Stykkishólms - Póstinum

Efling Stykkishólms

- Kannaðar verði leiðir til að að efla starf Eflingar Stykkishólms, e.t.v. með því að félagið komi meira að eflingu atvinnulífs

Hollvinasamtök

- Unnið verði áfram að stofnun hollvinasamtaka sem nái til brottfluttra og núverandi íbúa, auk eigenda frístundahúsa

HEIMILDASKRÁ

Ferðamálaráð Íslands (2003). *Ferðapjónusta á Íslandi í tölum*.
<http://www.ferdamalarad.is>. 3. nóvember 2003.

WTO (2003). *Global Forecast and Profiles of Market Segments*.
http://www.world-tourism.org/market_research/facts/menu.html. 3. nóvember 2003.

Heilbrigðisþjónusta í 60 ár. Saga St. Franciskusspítala.

Saga Stykkishólms 1596-1845 ????? – ath báðar bækurnar.